

S A M Þ Y K K T

um hundahald í Hafnarhreppi.

1. gr.

Hundahald er bannað í lögsagnarumdæmi Hafnarhrepps, Austur-Skaftafellssýslu.

2. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með til að taka gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. júlí 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

10. júlí 1973.

Nr. 225.

R E G L U G E R Ð

um skólaheimilið í Breiðavík.

1. gr.

Stjórn skólaheimilisins í Breiðavík er í höndum sex manna nefndar, sem þannig er skipuð: Þriggja manna stjórn Upptökuheimilis ríkisins í Kópavogi og þrjú menn búsettir í Vestur-Barðastrandarsýslu. Ráðherra gefur út skipunarbréf til nefndarinnar og skipar formann og varaformann úr hópi nefndarmanna.

Stjórnarnefndin skiptir þannig með sér verkum:

1. Stjórnarmenn Upptökuheimilisins annast vistun nemenda, rannsóknir og annan undirbúning að vistun og sérfræðilegt eftirlit og leiðbeiningar um uppeldi og kennslu þeirra.
2. Stjórnarmenn búsettir vestra annast reglulega umsjón með umönnun nemenda, starfrækslu heimilisins og búrekstri þess.
3. Öll stjórnarnefndin í sameiningu annast ráðningu starfsfólks í samráði við forstöðumann, svo og öll þau mál, er varða meiri háttar fjárfestingar, fjárlaga-tillögur og breytingar á starfrækslu heimilisins.

Ráðherra ræður forstöðumann heimilisins að fengnum tillögum stjórnarnefndarinnar.

2. gr.

Skólaheimilið er ætlað unglíngum að jafnaði á aldrinum 11—14 ára, sem eftir tilvísun barnaverndarnefnda og að aflokinni rannsókn á Upptökuheimilinu eru taldir hafa not af vistun í Breiðavík.

3. gr.

Nemendum skal séð fyrir lögskipaðri fræðslu. Skal kennslan sniðin eftir getu og andlegu ástandi nemenda.

4. gr.

Upptökuheimilið skal senda eftirtalda starfsmenn til Breiðavíkur:
Sálfræðing fjórum sinnum á ári, lækni tvisvar á ári, og sérkennara tvisvar á ári.

5. gr.

Forstöðumaður skal halda dagbók fyrir heimilið. Skulu þar skráð helztu atvik, er varða málefni þess og annað, er máli þyki skipta um rekstur heimilisins. Hann